

Sýnatökur vegna COVID-19

Hlífðarbúnaður við aukna hættu á COVID-19

Aukin hættu á COVID-19 er hjá þeim sem eru með einkenni COVID-19 eða hafa verið í tengslum við staðfest eða líkleg COVID-19 tilfalli.

Við sýnatöku skal nota eftirfarandi hlífðarbúnað:

- Veiruhelda hlífðargrímu (**FFP2**)
- Hlífðargleraugu
- Einnota hanska við umönnun og vandaða handhreinsun með handspritti (og/eða handþvotti) þegar hanskar eru teknir af.
- Nota langerma hlífðarslopp/svuntu við umönnun og meðferð.
- Ganga tryggilega frá notuðum hlífðarbúnaði í poka sem er lokað og má fara í almennt sorp.

Hlífðarbúnaður við sýnatöku frá einkennalausum vegna ferða erlendis

Við sýnatöku frá einkennalausum vegna ferða erlendis skal nota sama hlífðarbúnað og að ofan nema ekki er þörf á veiruheldri grímu. Þess í stað skal nota þunna hlífðargrímu (skurðstofugrímu).

Ef tekin eru sýni frá fleiri en einum einstaklingi í einu (í röð) skal skipta um hanska og spritta hendur milli einstaklinga. Ekki er þörf á að skipta um annan hlífðarbúnað á milli einstaklinga nema hann hafi mengast, t.d. ef sá sem sýni er tekið frá hóstar og úði berst á grímu eða ermar hlífðarbúnings.

Sýnategundir:

Öndunarfærasýni:

- Frá efri öndunarvegum: Háls- og nefkoksstrok.
- Frá neðri öndunarvegum: Barkasog, barkaskol eða berkjuskol, (hrákasýni).

Æskilegt er að taka bæði háls- og nefkoksstrok, setja í sama sýnatökuglas. Sýnið verður þá meðhöndlað sem eitt sýni, og greitt fyrir það sem eitt sýni. Ef eitt sýni er tekið, er nefkoksstrok talið betra en hálsstrok.

Mótefnaþæling í blóði

Til greiningar á mótefnum gegn SARS-CoV-2 skal senda heilblóð/sermi í sýnatökuglas með rauðum tappa með geli (gul miðja) eða án gels. Best er að taka bráðasýni við upphaf veikinda og afturbatasýni að nokkrum vikum liðnum.

Sýnataka:

Veiruleitarpinni: Sigma VCM-sett, sjá mynd.

Ef Sigma VCM settið er ekki til er hægt að nota eftirfarandi **veiruleitarsett** sem hefur verið dreift í tengslum við skimanir í COVID-19 faraldri:

- COPAN UTM
- BIOER BSC82N1 sett (notuð við skimun á landamærum)



Ef engin veiruleitarsett eru til kemur til greina að nota [eSwab eða Transwab](#) bakteríupinna fyrir kjarnsýrugreiningar, en ekki skal nota þessa pinna ef veiruleitarpinnar eru til.

Nefkoksstrok

- Haldið á pinnanum eins og penna
- Þræðið pinnann inn í aðra nösina, meðfram nefholsbotni alveg inn að botni ca. 5-6 cm ☞
Snúið létt upp á pinnann – ekki sveigja upp á við.
- Dragið pinnann út, setjið beint í viðeigandi sýnatökuglas og gangið frá sýni til sendingar

Hálsstrok

- Pinnanum er strokið yfir kokeitlana og gjarna aftur í kokið,
- Takið pinnann út, setjið beint í viðeigandi sýnatökuglas og gangið frá sýni til sendingar

Berkjuskol, barkaskol eða barkasog

- Nokkrir ml. í dauðhreinsað glas.

Sýnasending

Merkið sýni og beiðni með persónuupplýsingum sjúklings, ásamt upplýsingum um ástæðu sýnatöku (ferðalög, sjúkdómseinkenni) og upphafsdag veikinda.

Sendist beint á sýkla- og veirufræðideild í Ármúla 1a, ef töf verður á sendingu skal geyma sýnin í kæli. Gætið þess að sýnaglös séu vel lokuð og í sýnaplasti og ytra umslagi. Sendingarflokkur sýna er UN 3373 (category B).

Almennar upplýsingar

- Veirufræðin er hluti af sýkla- og veirufræðideild Landspítala og er staðsett í Ármúla 1a. Hægt er að hafa samband í síma: 543-5900 frá kl. Kl.08:00-18:00 á virkum dögum og frá kl.08:00-16:00 á laugardögum, sunnudögum og helgidögum.
- Beiðni má gera rafrænt í cyberlab eða láta pappírabeiðni fylgja sýni. Takið fram í ástæðu sýnatöku að óskað sé eftir greiningu vegna COVID-19. Skráið símanúmer beiðanda á beiðni.
- Læknir sem sendir sýnið ber ábyrgð á að fylgja svarinu eftir.